



Fundargerð

Föstudaginn 29. desember 2023 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 10:00. Notast var við fjarfundarbúnað.

Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Ásdís Ýr Arnardóttir, Grímur Rúnar Lárusson, Péturína Laufey Jakobsdóttir og Erla Jónsdóttir.

Auk þess var á fundinum Ólafur Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins.

Undir fyrsta dagskrárlið fundarins voru á fundinum Sigrún Hauksdóttir aðalbókari Félags- og skólaþjónustu A. Hún. og Arnór Tumi Finnsson verkefnisstjóri fjármála.

Formaður stjórnar, Ásdís Ýr Arnardóttir setti fundinn og stjórnaði honum og Ólafur Þór Ólafsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2024 – síðari umræða

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu A.-Hún. fyrir árið 2024. Farið var yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á áætlun frá fyrri umræðu.

Í áætluninni er dregið saman rekstraryfirlit þar sem sést að heildartekjur samstæðunnar eru áætlaðar 438,7 m.kr. og heildargjöld 422,6 m.kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir um 10,9 m.kr. og rekstrarniðurstaða jákvæð um 5,2 m.kr. Í sjóðstreymi kemur fram að handbært fé frá rekstri árið 2024 sé áætlað 14,0 m.kr. og afborganir langtímalána nemi 11,7 m.kr. Handbært fé í árslok 2024 er áætlað 2,3 m.kr. Fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 30 m.kr. og verða þær fjármagnaðar með lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Í yfirliti um skiptingu heildarframlaga sveitarfélaga kemur fram að framlög þeirra vegna félagsþjónustu eru áætluð 159,2 m.kr., vegna skólaþjónustu 33,8 m.kr., vegna dreifnáms 5,8 m.kr. og vegna öldrunarmála 38,8 m.kr.

Heildarframlög sveitarfélaga nema því samtals 237,6 m.kr.

Skipting heildarkostnaðar milli sveitarfélaga er þannig:

Húnabyggð: 70,35%

Sveitarfélagið Skagaströnd: 25,00%

Skagabyggð: 4,65%

Stjórn ræddi áætlun og forsendur hennar. Fram kom að í fjárfestingaáætlun sé m.a. gert ráð fyrir áframhaldandi endurnýjun á íbúðum fyrir aldraða í Hnitbjörgum á Blönduósi og Ægisgrund á Skagaströnd. Gert er ráð fyrir því að ráðast í endurnýjun á einni íbúð á hvorum stað.



Formaður stjórnar bar áætlun upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum.

2. Önnur mál

Umræða var í stjórn um aðkomu hollvinasamtaka að rekstri Sæborgar.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 10:34.

Ásdís Ýr Arnardóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Grímur Rúnar Lárusson

Péturina Laufey Jakobsdóttir

Erla Jónsdóttir